

Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og velferðasvið Reykjavíkurborgar gera með sér eftirfarandi samkomulag um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Hraunbæ 105.

1.gr. Inntak samnings

Í samningi þessum felst að skóla- og frístundasvið tekur að sér og felur Frístundamiðstöðinni Árseli fyrir sína hönd að annast rekstur félagsmiðstöðvar í húsnæði velferðarsviðs að Hraunbæ 105, Reykjavík.

Markmið félagsstarfsins er:

- Að þátttakendur taki meiri þátt í mótun og framþróun starfsins, sem er m.a. liður í því að rækta mannauðinn og auka virkni og valfrelsi þátttakenda í félagsstarfi.
- Aukin áhersla á sjálfstýrt og sjálfbært félagsstarf.
- Að íþróttaiðkun og hvers konar líkamsþjálfun verði ríkur þáttur starfsins.
- Að fræðsla verði eflað í samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki.
- Að rækta félagsauð samfélagsins með auknum áherslum á samveru fólks á öllum aldri og fjölbreytileika mannlífsins.
- Fjölbreytilegt, opið og aðgengilegt starf sem býður upp á aukið samstarf milli ólíkra stofnana og aðila.

2. gr. Umsjón og framkvæmd

Skóla- og frístundasvið hefur falið Frístundamiðstöðinni Árseli að hafa umsjón með verkefninu, þ.á.m. að ráða umsjónarmann félagsstarfsins, í samráði við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Næsti yfirmaður umsjónarmanns er framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar Ársels.

Hlutverk umsjónarmanns er að bera ábyrgð á daglegu starfi félagsstarfsins, annast innkaup fyrir félagsmiðstöðina auk umsjónar með ráðningum og verkstjórn starfsmanna.

Frístundamiðstöðin Ársel annast framkvæmd og fjárreiður verkefnisins og ábyrgist að verkefnið rúmist innan fjárhagsáætlunar, sbr. fylgiskjal 1.

3.gr. Verkefnastjórn

Samningsaðilar skipa verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Ársels auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk verkefnastjórnar er að framfylgja samningi þessum, fylgjast með starfinu og þróa áherslur þess.

Framkvæmdastjóri Ársels kallar verkefnisstjórnina saman til samráðs eftir þörfum, þó að lágmarki þrisvar sinnum á samningstímanum.

4.gr.

Framlög samningsaðila

Velferðarsvið leggur til húsnaði fyrir félagsmiðstöðina að Hraunbæ 105, Reykjavík og greiðir allan tilfallandi rekstrarkostnað svo sem rafmagn og hita.

Skóla- og frístundasvið ábyrgist að félagsmiðstöðin verði mönnuð með eftirfarandi hætti:

- Umsjónarmaður félagsstarfs í 100% stöðugildi
- Virknifulltrúi/frístundaráðgjafi í 80% stöðugildi
- Starfsmaður í móttökueldhúsi í 25% stöðugildi
- Ræsting.

Framangreindir starfsmenn, sem verða starfsmenn Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, verða kostaðir af velferðarsviði Reykjavíkur sem greiðir kostnaðinn til skóla- og frístundasviðs.

Framangreindir starfsmenn, sem verða starfsmenn Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, verða kostaðir af velferðarsviði Reykjavíkur sem greiðir kostnaðinn til skóla- og frístundasviðs.

5. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2017 til 30. júní 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar samningsins skulu hafa tekið ákvörðun um framhald verkefnisins fyrir 1. apríl 2018. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. velferðarsviðs

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

Fylgiskjal 1 : Fjárhagsáætlun Félagsmiðstöðvar aldraðra, Hraunbæ 105.